

## Lús

Lúsin gerir alltaf vart við sig öðru hvoru og fer ekki í manngreinaralit. Það minnir okkur á að það er alltaf þörf á að kempa!

## Ný heimasíða

Við vinnum nú að uppsetningu nýrrar heimasíðu fyrir skólann og mun hún væntanlega opna í nóvember.

## Galleri Hörðuvallaskóla

Við minnum á gallerið á Facebook:

<https://www.facebook.com/gallerihorduvalla/>

## Kæra skólasamfélag

Eins og kynnt hefur verið höfum við að undanfögnu staðið frammi fyrir óæskilegri hópamyndun ungmenna í hverfinu sem hefur komið fram bæði í ónæði og skemmdarverkum. Foreldrafélag skólans hefur af þessum sökum leitast við að setja aukinn kraft í foreldrarölt á kvöldin og á stjórn þess miklar þakkir skyldar fyrir kröftugt og óeigingjarnt starf í þágu okkar allra. Það er afar mikilvægt að við höldum góðum krafti í röltinu á næstunni og gefum unga fólkinu okkar þannig þau skilaboð að við stöndum saman í því að sporna á móti óæskilegri hegðun og að halda hlutunum í lagi í hverfinu okkar. Ég minni á skráningu í röltið á slóðinni:

[https://docs.google.com/spreadsheets/d/1hU8CuGixOIk8dHYv4dr6YYzubVpAQ4\\_cs8sqBdtmkl/edit#gid=0](https://docs.google.com/spreadsheets/d/1hU8CuGixOIk8dHYv4dr6YYzubVpAQ4_cs8sqBdtmkl/edit#gid=0)

Núna hafa verið settar upp tvær myndavélar við skólann til að byrja með en ætlunin er að koma upp myndavélakerfi sem spannar alla skólalóðina. Við erum svo í góðu samstarfi við lögreglu, bæjaryfirvöld, aðra skóla og félagsmiðstöðvar til að gera það sem við getum til að laga þetta ástand. Munum að láta okkur hlutina varða og leggja okkar af mörkum þar sem hægt er, það sannast enn og aftur að „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“.

Að öðru leyti er allt prýðilegt að fréttu úr skólanum og framundan er nokkuð samfelld skólalota fram að jólafríi ef frá er skilinn starfsdagur þann 20. nóvember. Fastir liðir í nóvember eru m.a. baráttudagur gegn einelti og dagur íslenskrar tungu. Á fyrrnefnda deginum sem verður hinn 8. nóvember verður hefðbundin dagskrá þar sem vinabekkir og nemendur leikskólanna í hverfinu hittast og vinna saman. Að lokum munum við svo að venju ganga fylktu liði gegn einelti og enda öll saman í Kórnum. Nemendur mæta á venjulegum tíma og ljúka skóla á venjulegum tíma þennan dag en mikilvægt er að allir hafi með sér nesti þar sem vinabekkir gæða sér á nestinu sínu í sameiningu...

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Mán	Mið	Fös
<b>Kúlan í nóvember</b>	1 Félagsmiðstöðvadaðurinn	3 20:00-23:00 Sameiginlegt ball í kjarnanum
6 17:00-18:30 Starfsmannafundur 19:30-22:00 Opið hús	8 17:00-18:30 Klúbbar 19:30-22:00 Popp & Spjall	10
13 17:00-18:30 Miðstig-Samsk.miðlaopnun 19:30-22:00 Sky park	15 Stuttmyndahátíð	17 19:30-22:00 RÍMNAFLÆÐI! NÁTTFATANÓTT!
20 17:00-18:30 Starfsmannafundur 19:30-22:00 Kózýkvöld	22 17:00-18:30 Klúbbar 19:30-22:00 Opið hús	
27 17:00-18:30 Miðstig-Hjartsláttur 19:30-22:00 Bíó!	29 17:00-18:30 Klúbbar 19:30-22:00 Nammismökkun	

## Skólahreystimót

Síðasta daginn fyrir vetrarfrí héldum við íþróttamót á miðstigi skólans sem var í anda Skólahreysti og var þar keppt á milli bekkja í ýmsum þrautum. Þetta tókst afskaplega vel og var hin besta skemmtun auk þess sem nemendur fengu að sjálfsögðu útrás og æfingu. Í nóvember verður sambærilegt mót fyrir unglíngastigið og í apríl er svo fyrirhugað að halda mót fyrir yngsta stigið. Það er útli fyrir að mót af þessu tagi séu komin til að vera sem fastur liður í starfinu hjá okkur.





Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
29.	30. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum asti og sýrðum rjóma. Ávextir.	1. Grænmetisbuff m/ brúnum hrísgrjónum og kaldri sósu. Salatbar og ávextir.	2. Plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir.	3. Hakkbollur m/ brúnni sósu, kartöflumús og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	4.
5.	6. Léttsaltður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	7. Ungversk gúlassúpa m/ grófu brauði. Ávextir.	8. Hrísgrjónagautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir.  <b>Baráttudagur gegn einelti</b>	9. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	10. Úrbeinuð kjúklingalæri í BBQ sósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	11.
12.	13. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	14. Píta með kjúkling, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	15. Heitur pastaréttur m/ pastaskrúfum, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávextir.  <b>Íþróttamót á ungl.stigi</b>	16. Þorskur í KFC hjúpi m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.  <b>Dagur ísl. tungu</b>	17. Íslensk kjötsúpa. Ávextir.	18.
19.	20. <b>STARFSDAGUR</b>  Dægradvöl opin	21. Kalkúnabollur m/ brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salat- bar og ávextir.	22. Skr m/ rjómaþingi og brauð með álegg. Ávextir.	23. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrysósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	24. Nautahakk og heilheiti- pastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	25.
26.	27. Ýsa í orly m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	28. Kjúklingaborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og papriku, kart- öflubátum og sósu. Ávextir.	29. Hrísgrjónagautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir.	30. Plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir.		

### Muna:

- Heimanámsaðstoð í boði á aðalsafni Bókasafns Kópavogs alla þriðjudaga kl. 14:30-16:30
- Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!

**Útivistartíminn frá 1. september:** *Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.*